



Öldungaráð Hafnarfjarðar

3. Stjórnarfundur haldinn þriðjudag 19. september 2017 kl 16:00 í Ráðhúsi Strandgötu 6.

Fundargerð

Mættir: Elísabet Valgeirsdóttir, formaður (fjarverandi), Guðmundur Fylkisson, Gylfi Ingvarsson, Þórdís Bakkmann Kristinsdóttir og Sjöfn Guðmundsdóttir.

Boðuð á fundinn, fulltrúi Félags eldri borgara í Hafnarfirði, Guðfinna Vigfúsdóttir.

Dagskrá:

1. Fasteignagjöld. Gylfi Ingvarsson leggur fram gögn varðandi greiðslur til eldri borgara úr lífeyrissjóðum. Umræða um skerðingar greiðslna frá TR vegna annarra tekna.

Umræða um fasteignagjöld. Hækkun tekna úr lífeyrissjóði hækkar fasteignagjöld með lækkun niðurgreiðslna. Huga þarf að þessu vegna þeirrar stefnu yfirvalda að aldraðir eigi að búa í sjálfstæðri búsetu svo lengi sem unnt er.

Öldungaráð hefur skoðað tekjuviðmið hjá sveitarfélögum á Höfuðborgarsvæðinu og leggur til að viðmið tekna vegna fasteignagjalda í Hafnarfirði verði hækkað svo fleiri njóti afsláttar. Skoða þarf hvort tekjuviðmið eigi að vera við heildartekjur fyrir skatt eða ráðstöfunartekjur. Hafnarfjörður hefur möguleika á að taka forystu um að auðvelda eldri borgurum að búa í eigin fasteignum svo lengi sem unnt er.

2. Húsnæðismál. Brýnt er að byggðar verði hagstæðar íbúðir á viðráðanlegu verði fyrir eldri borgara sem gerir þeim kleift að losa sig við stærri húsnæði og komast í minni íbúðir og þar með að létta á húsnæðisvandanum t.d. með byggingu þjónustukjarna.

3. Heimahjúkrun og heimaþjónusta. Komið verði á samræmdri heimaþjónustu og heimahjúkrun sem stýrt er af Hafnarfjarðarbæ í stað þess að heimaþjónusta sé á hendi bæjarins en heimahjúkrun á vegum

ríkisins sem skapar mikið óhagræði sem skapar mikið óhagræði sem hægt að einfalda og gera betur.

4. Dagdvöl aldraða. Huga þarf að fjölgun rýma í dagdvöl fyrir einstaklinga sem þurfa á auknum stuðningi að halda. Dagdvöl eykur færni og getu til athafna daglegs lífs og eykur líkur á að einstaklingur geti búið lengur í sjálfstæðri búsetu.

5. Heimþjónusta. Auka þarf þjónustu við aldraða í heimahúsum með aðstoð með garða á sumrin og snjómokstri á veturna.

6. Félag eldri borgara. Öldungaráð vill benda á að Félag eldri borgara í Hafnarfirði er fimmtíu ára 26.mars 2018. Það er elsta félag sinnar tegundar á Íslandi.

Fundargerð ritaði Sjöfn Guðmundsdóttir